

Leiðbeiningar fyrir greinahöfunda um ritrýndar greinar

Tímaritið Þroskaþjálfinn kemur út einu sinni á ári. Greinar til ritrýni þurfa að berast fyrir 15. september ár hvert. Allar greinar til ritrýni skal senda til útgáfuráðs (utgafa@throska.is) á tölvutæku formi.

Útgáfuráð tekur afstöðu til þess hvort grein fæst ritrýnd og birt í Þroskaþjálfanum. Við ákvörðun um birtingu er í fyrsta lagi tekið mið af þeirri stefnu að um sé að ræða fræðilegar og/eða rannsóknartengdar greinar, í öðru lagi að þær eigi erindi til þroskaþjálfna. Í þriðja lagi verður gætt að heildarsvip tímaritsins hverju sinni. Ritrýnd fræðigreinin skal fjalla ítarlega um efni sem hefur gildi fyrir þroskaþjálfna sem fagstétt. Hún getur m.a. verið um þróun þekkingar í þroskaþjálfun, stjórnun eða kennslu í þroskaþjálfun, rannsóknir eða stefnumótun í störfum þroskaþjálfna. Greinin skal ekki hafa birst annars staðar.

Ef útgáfuráð metur greinina svo að hún eigi erindi í Þroskaþjálfann og uppfylli kröfur um efni og framsetningu er hún send til a.m.k. tveggja aðila til ritrýningar. Grein sem samþykkt er með fyrirvara um að brugðist sé við faglegum ábendingum er send til greinarhöfundar til lagfæringar í samræmi við ábendingar ritrýna og útgáfuráðs. Höfundur sendir greinina síðan aftur til útgáfuráðs með greinargerð um þær breytingar sem hann hefur gert á greininni.

Miðað er við að framsetning efnis sé í samræmi við venjur sem gilda í virtum erlendum vísindatímaritum. Nota skal APA kerfið við framsetningu efnis, þetta á m.a. við um gerð heimildaskrár, tilvísanir í texta, töflur og myndir, kaflafyrirsagnir og lengd beinna tilvitanna. Reglur um framsetningu má m.a. finna í Gagnfræðakveri handa háskólanemum (2007) eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson. Handritstexti skal vera með 12 pt. letri (Times New Roman) og línubili 1,5. Einfalt orðabil skal vera á eftir punkti. Nota skal íslenskar gæsalappir. Greinar skulu vera vel yfirfarnar með tilliti til málfars og framsetningar.

Lengd handrita skal að jafnaði vera 4000-6000 orð. Á forsíðu skal koma fram heiti greinar og nafn höfundar. Á eftir forsíðu á að vera u.þ.b. 250 orða útdráttur á íslensku þar komi einnig fram lykilorð greinarinnar. Við upphaf greinarinnar sjálfrar skal heiti

greinarinnar einnig koma fram, án nafns höfundar.

Aftan við heimildaskrá skal koma fram heiti greinarinnar á ensku og um það bil 250 orða útdráttur á ensku.

Lögð er áhersla á að gott myndefni fylgi greinum. Myndir og töflur skulu vera með sem einföldustu sniði og í sér skjölum, en merkt við í handritstexta hvar þær skulu staðsettar. Myndir skulu vera á JPG formi og í prentgæðum en töflur í excel skjali.

Viðmiðarnir við ritrýningu

Greinarhöfundum er bent á að við ritrýningu greina er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að útdráttur sé í samræmi við innihald og titill sé lýsandi.
- Að efnistöfum og tilgangi sé lýst í inngangi.
- Að grein sé gerð fyrir fræðilegu samhengi og nýjustu rannsóknum, mikilvægi rannsóknarefnisins, tilgangi rannsóknarinnar, rannsóknarspurningum, rannsóknarsniði, rannsóknaraðferðum og úrvinnslu gagna.
- Að niðurstöður séu settar fram með skýrum hætti, studdar gögnum og rannsóknarspurningunum sé svarað.
- Að ályktanir séu studdar gögnunum og fræðilegri umræðu.
- Að greinin bæti við skilning og þekkingu á fræðasviðinu og leggi eitthvað af mörkum til rannsókna, starfsvettvangs eða stefnumörkunar á sviði þroskaþjálfunar.
- Að uppbygging greinarinnar sé skilmerkileg með tilliti til inngangs, meginmáls og niðurlags.
- Að vandað sé til frágangs og málfars.